

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.
Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: http://lagabirting.is
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 36 97. ár

Föstudaginn 19. mars 2004

Laust embætti

Biskup Íslands auglýsir laust til umsóknar embætti sóknarprests í Grafarholtsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. júlí 2004.

Um er að ræða nýtt prestakall í borgarhverfi sem er í uppbyggingu.

- Kirkjumálaráðherra skipar í embætti sóknarpresta til fimm ára.
- Um launakjör fer skv. ákvörðun kjaranefndar, en að öðru leyti gilda um starfið lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.
- Óskað er eftir því að umsækjendur geri skriflega grein fyrir menntun sinni, starfsferli og öðru því sem þeir óska eftir að taka fram.
- Valnefnd velur sóknarprest skv. starfsreglum um presta nr. 735/1998, en biskup ákveður með hvaða umsækjanda hann mælir náist ekki samstaða í valnefnd.
- Heimilt er að óska eftir því að almennar prestskosningar fari fram samkvæmt 1. mgr. 20. gr. starfsreglna um presta nr. 735/1998, en ákvæðið er svohljóðandi:
„Óski minnst þriðjungur atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakalli þess, að almenn prestskosning fari fram er skylt að verða við því. Skrifleg ósk um kosningu skal hafa borist biskupi eigi síðar en að hálfum mánuði liðnum frá þeim degi er kallið var auglýst laust til umsóknar“.
- Allar nánari upplýsingar um embættið, starfskjör, helstu lög og reglur sem um starfið gilda, eru veittar á biskupsstofu, s. 535 1500.
- Umsóknarfrestur rennur út 19. apríl 2004.
- Umsóknir sendist biskupi Íslands, biskupsstofu, Laugavegi 31, 150 Reykjavík.

Það athugist að embætti sóknarpresta eru auglýst með fyrirvara um breytingar á sóknar- og prestakallaskipan. Prestum er skylt að hlíta breytingum á störfum sínum og verksviði á skipunartímanum, sbr. 19. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Vísað er til laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Reykjavík, 11. mars 2004.
F.h.b.
Ragnhildur Benediktsdóttir.

(3396)

Laus störf

Reykjavík

Lausar eru til umsóknar 10 stöður lögreglumanna hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Sett verður í stöðurnar til að byrja með til eins árs, nokkrar frá 1. maí og nokkrar frá 1. júní nk. Umsóknum skal skilað til lögreglustjórans í Reykjavík, Hverfisgötu 113 - 115, 150 Reykjavík, en umsóknarfrestur rennur út þann 5. apríl 2004. Guðmundur M. Guðmundsson starfsmannastjóri veitir nánari upplýsingar um stöðurnar.

Auglýsing

um breytingu á deiliskipulagi við Selmýrarveg í landi Ásgarðs, Grímsnes- og Grafningshreppi

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 73/1997 er hér með lýst eftir athugasemdum við breytingu á deiliskipulagi við Selmýrarveg í landi Ásgarðs, Grímsnes- og Grafningshreppi. Breytingin felst í að gert er ráð fyrir tveimur 7.400 fm lóðum undir frístundabyggð. Jafnframt er gert ráð fyrir stækkun lóða nr. 1, 2 og 3 við Selmýrarveg. Skipulagstillaga liggur frammi á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps og hjá skipulagsfulltrúa uppsveita Árnæssýslu að Dalbraut 12, Laugarvatni, frá 22. mars til 19. apríl 2004. Skriflegum athugasemdum við skipulagstillögurnar skal skila á skrifstofu sveitarfélagsins fyrir 3. maí 2004. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

3347)

Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps.

Auglýsing

um tillögu að deiliskipulagi fyrir svæði við Bíldudalshöfn

Bæjarstjórn Vesturbyggðar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi samkvæmt 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 fyrir svæði sem afmarkast af Bíldudalsbryggju (Krókn-um) til vesturs, Strandgötu til norðurs og mörkum fyrirhugaðrar fyllingar í sjó til austurs og suðurs. Deiliskipulagið tekur til þriggja nýrra lóða á landfyllingu, þar á meðal kalkpörungaverksmiðju. Auk þess tekur skipulagið til tveggja eldri lóða við Strandgötu. Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofunni, Aðalstræti 63, Patreksfirði og bókasafninu á Bíldudal, frá föstudeginum 19. mars til föstudagsins 16. apríl 2004. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til föstudagsins 30. apríl 2004. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 63. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

3351)

Bæjarstjóri Vesturbyggðar.

Auglýsing

um deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Hallanda, Hraungerðis-hreppi

Skv. 3. tl. ákvæða til bráðabirgða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 liggur frammi á skrifstofu Hraungerðishrepps tillaga að deiliskipulagi á frístundabyggð á 29 ha spildu úr landi Hallanda.

Tillagan gerir ráð fyrir 31 frístundahúsi.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu Hraungerðishrepps til 16. apríl nk. Athugasemdum skal skila þangað fyrir 30. apríl nk.

Hver sá sem ekki gerir athugasemd við tillöguna telst henni samþykkur.

3352)

Þingborg, 10. mars 2004.
Oddviti Hraungerðishrepps.

Auglýsing

um friðlýsingu æðarvarps í umdæmi sýslumannsins í Borgarnesi

Samkvæmt ákvæðum 18. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, sbr. reglugerð nr. 252/1996 um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps o.fl. hefur sýslumaðurinn í Borgarnesi friðlýst eftirtalin æðarvörp:

Í Borgarbyggð.

Jarðirnar Traðir, Skálanes, Skutulsey og Hamraendar: Allt land jarðanna er friðlýst, ásamt hólum í vötnum og eyjum, hólum og skerjum á sjó.

Á skrifstofu sýslumannsins í Borgarnesi liggur frammi skrá um friðlýst æðarvörp í umdæminu ásamt kortum hvar hin friðlýstu æðarvörp eru afmörkuð.

Borgarnesi, 8. mars 2004.
Sýslumaðurinn í Borgarnesi,
Hjördís Stefánsdóttir fulltrúi.

3354)

Auglýsing

um vísitölu neysluverðs til verðtryggingar

Hagstofan reiknar vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 1. tl. 1. mgr. b. liðar 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987, og vísitölu gagnvart fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu, sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995, skv. e. lið 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987.

Eftirfarandi vísitölur gilda fyrir apríl 2004:
Vísitala neysluverðs: 230,7 stig.
Vísitala gagnvart eldri fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu: 4.555 stig.

Reykjavík, 10. mars 2004.
Hagstofa Íslands.

3398)

Ráðningakjör eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríksins. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað af viðkomandi lögreglustjóra þegar ákvörðun um skipun, setningu eða ráðningu hefur verið tekin af ríkislögreglustjóra.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, www.logreglan.is, undir liðnum „Eyðublöð“.

Konur jafnt sem karlar eru hvattir til að sækja um.

Reykjavík, 11. mars 2004.
Ríkislögreglustjórinn.

(3397

Stefnur

Dómstjórinn í héraðsdómi Reykjavíkur, Helgi I. Jónsson

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Gísli Guðni Hall hdl., Mörkinni 1, Reykjavík, að hann þurfi fyrir hönd Kristbjargar Árnadóttur, kt. 180451-2699, Snorrabraut 50, Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi skuldabréf gefið út af stefnanda 6. ágúst 1983 til Guðmundu Guðmundsdóttur, nnr. 3018-4955, Njálsgötu 96, Reykjavík. Bréfið er að höfuðstólsfjárhæð kr. 20.000. Lán samkvæmt því var til 10 ára og bar að greiða með 20 afborgunum, nánar tiltekið 30. mars og 30. september ár hvert. Fyrsti gjalddagi var 30. mars 1984. Bréfið var verðtryggt samkvæmt lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 488 stig. Vextir af láninu voru hæstu lögleyfðu vextir af verðtryggðum lánum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, upphaflega 3% og reiknuð-ust frá 12. janúar 1983. Bréfið var tryggt með 5. veðrétti og uppfærslurétti í fjögurra herb. íbúð á neðstu hæð m.m. og kjallaraherbergi í fast-

eigninni nr. 50 við Snorrabraut í Reykjavík.

Málsástæður og önnur atvik máls: Stefnandi kveður skuld samkvæmt veðskuldabréfinu vera greidda að fullu. Kröfueigandi, Guðmundu Guðmundsdóttir, nnr. 3018-4955, hafi látist 24. maí 1985 og eftir það hafi stefnandi deponerað greiðslum afborgana inn á geymslureikning í Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi. Stefnandi tekur fram að ef skuld samkvæmt bréfinu hafi ekki verið greidd, þá teldist hún nú fyrnd samkvæmt ákvæðum laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

Stefnandi kveðst ekki hafa hugmynd um hvar frumrit veðskuldabréfsins sé niðurkomið, sé það þá til. Hún hafi aldrei fengið það afhent og eftirgrennslan hennar hafi ekki borið árangur.

Með því að skuld samkvæmt margnefndu veðskuldabréfi sé að fullu greidd telur stefnandi sig vera réttan eiganda frumrits bréfsins. Henni er nauðsynlegt að fá dóm til ógildingar á bréfinu, svo hún getiengið aflýst veðböndum samkvæmt því af hinni veðsettu eign, sbr. framangreint.

Lagarök: Stefnandi kveðst byggja ógildingarkröfuna á 120.–121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Stefnandi kveðst munu leggja fram við þingfestingu málsins þessi gögn:

1. Stefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Eintak Lögbirtingablaðs þess sem stefna þessi birtist í.
4. Ljósrit af veðskuldabréfinu sem krafist er ógildingar á.
5. Útrentun úr þjóðskrá.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að hafa umstefnt veðskuldabréf undir höndum, og/eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þriðjudaginn 4. maí 2004, kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til veðskuldabréfsins. Að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi í málinu og að kröfur stefnanda verði teknar til greina.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 5. mars 2004.
Helgi I. Jónsson.

(3346

Dómstjóri héraðsdóms Suðurlands Hjördís Björk Hákonardóttur Austurvegi 4 800 SELFOSS

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Gylfi Thorlacius hrl., að hann þurfi f.h. Náttúrulækninga-félags Íslands, kt. 440491-2199, Laugavegi 7, 101 Reykjavík, að fengnu leyfi lögum samkvæmt að höfða mál fyrir héraðsdómi Suðurlands til ógildingar á neðangreindum veðskuldabréfum.

Fyrirsvar: Gylfi Thorlacius hrl., Lögmansstofunni Fortis ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík, rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að ógilt verði með dómi eftirfarandi veðskuldabréf:

1. Veðskuldabréf, upphaflega að fjárhæð kr. 100.000 útgefið 4. febrúar 1972, af Náttúrulækningafélagi Íslands, til handhafa hlutdeildarbréfa samkvæmt skuldabréfinu sjálfu og hvílir á fyrsta veðrétti á fasteigninni Grænumörk 10, Hveragerði.
2. Veðskuldabréf, upphaflega að fjárhæð kr. 40.000 útgefið 1. júní 1973, af Náttúrulækningafélagi Íslands, til handhafa hlutdeildarbréfa samkvæmt skuldabréfinu sjálfu og hvílir á öðrum veðrétti á fasteigninni Grænumörk 10, Hveragerði.
3. Veðskuldabréf, upphaflega að fjárhæð kr. 60.000 útgefið 15. janúar 1975, af Náttúrulækningafélagi Íslands, til handhafa hlutdeildarbréfa samkvæmt skuldabréfinu sjálfu og hvílir á þriðja veðrétti á fasteigninni Grænumörk 10, Hveragerði.
4. Veðskuldabréf, upphaflega að fjárhæð kr. 50.000 útgefið 1. desember 1976, af Náttúrulækningafélagi Íslands, til handhafa hlutdeildarbréfa samkvæmt skuldabréfinu sjálfu og hvílir á fjórða veðrétti á fasteigninni Grænumörk 10, Hveragerði.

Málsástæður og önnur atvik: Stefnandi kveður veðskuldabréf þau sem krafist er ógildingar á hvíla, eins og áður segir, á fyrsta til fjórða veðrétti á fasteign félagsins að Grænumörk 10, Hveragerði. Jafnframt kveður stefnandi skuldabréfin hafa verið uppgreidd samkvæmt efni sínu. Stefnandi lýsir skuldabréfunum þannig:

Skuldabréf merkt nr. 1, sé aðalskuldabréf að fjárhæð kr. 100.000 útgefið 4. febrúar 1972 og fært til þinglýsingar 8. febrúar 1972, Samkvæmt bréfinu skiptist aðalskuldabréfið, í hlutdeildarskuldabréf sem flokkuð séu í lítra eftir fjárhæð hluta: Lítra A sem séu 2000 bréf upphaflega að fjárhæð kr. 10 og hljóði á handhafa. Lítra B sem séu 800 bréf upphaflega að fjárhæð kr. 50 og hljóði á handhafa. Lítra C sem séu 300 bréf, upphaflega að fjárhæð kr. 100 og hljóði á handhafa og að lokum lítra D sem séu 10 bréf, upphaflega að fjárhæð kr. 1.000 og hljóði á handhafa. Skuldabréfið hafi verið gefið út til 10 ára og borið 9,5% ársvexti.

Skuldabréf merkt nr. 2 sé aðalskuldabréf að fjárhæð kr. 40.000 útgefið 1. júní 1973 og fært til þinglýsingar 11. júlí 1973. Samkvæmt bréfinu skiptist aðalskuldabréfið, í hlutdeildarskuldabréf sem flokkuð séu í lítra eftir fjárhæð hluta: Lítra A sem séu 30 bréf upphaflega að fjárhæð kr. 1.000 og hljóði á handhafa og lítra B sem séu 20 bréf upphaflega að fjárhæð kr. 500 og hljóði á handhafa. Skuldabréfið hafi verið gefið út til 10 ára og borið hæstu lögleyfðu fasteignavexti á hverjum tíma.

Skuldabréf merkt nr. 3 sé aðalskuldabréf að fjárhæð kr. 60.000 útgefið 15. janúar 1975 og fært til þinglýsingar 15. janúar 1975. Samkvæmt bréfinu skiptist aðalskuldabréfið, í hlutdeildarskuldabréf sem flokkuð séu í lítra eftir fjárhæð hluta: Lítra A sem séu 30 bréf upphaflega að

fjárhæð kr. 1.000 og hljóði á handhafa. Lítra B sem séu 40 bréf upphaflega að fjárhæð kr. 500 og hljóði á handhafa og lítra C sem séu 100 bréf upphaflega að fjárhæð kr. 100 og hljóði á handhafa. Skuldabréfið hafi verið gefið út til 10 ára og borið hæstu lögleyfðu fasteignavexti á hverjum tíma.

Skuldabréf merkt nr. 4 sé aðalskuldabréf að fjárhæð kr. 50.000 útgefið 1. desember 1976 og fært til þinglýsingar 2. desember 1976. Samkvæmt bréfinu skiptist aðalskuldabréfið, í hlutdeildarskuldabréf sem flokkuð séu í lítra eftir fjárhæð hluta: Lítra A sem séu 400 bréf upphaflega að fjárhæð kr. 50 og hljóði á handhafa. Lítra B sem séu 200 bréf upphaflega að fjárhæð kr. 100 og hljóði á handhafa og lítra C sem séu 10 bréf upphaflega að fjárhæð kr. 1000 og hljóði á handhafa. Skuldabréfið hafi verið gefið út til 10 ára og borið hæstu lögleyfðu fasteignavexti á hverjum tíma.

Hin umstefndu skuldabréf segir stefnandi hafa verið í vörslum sínum en kveður þau nú glötuð og ekki hafa fundist þrátt fyrir ítrekaða leit. Honum sé því nauðsynlegt að fá dóm til ógildingar bréfunum þannig að hann geti tryggt rétt sinn hvað þau varðar.

Lagarök: Um lagarök vísar stefnandi til 120. og 121. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Um varnarþing vísast til 2. mgr. 120. gr. sömu laga.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi munu leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

- Ógildingarstefnu þessa.
- Skrá yfir framlögð skjöl.
- Lögbirtingablað það sem stefnan er birt í.
- Ljósrit af veðskuldabréfi, dags. 4. febrúar 1972.
- Ljósrit af veðskuldabréfi, dags. 1. maí 1973.
- Ljósrit af veðskuldabréfi, dags. 15. janúar 1975.
- Ljósrit af veðskuldabréfi, dags. 1. desember 1976.
- Veðbókarvottorð fyrir eignina Grænumörk 10, Hveragerði.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskulda­bréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, að mæta á dómþingi héraðsdóms Suðurlands, sem háð verður í dómhúsinu Austurvegi 4, Selfossi, miðvikudaginn 21. apríl 2004, kl. 14.00, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til skuldabréfsins þar sem ella megi búast við að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um ógildingu verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Selfossi, 2. mars 2004.

Hjördís Björk Hákonardóttir
dómstjóri.

(3418

	kr.
Höfuðstóll	898.205
Dráttarvextir til 9. janúar 2004	432.637
Innheimtuþóknun	97.286
Áfallinn kostnaður	10.200
Útlagður kostnaður	35.150
Gjaldþrotaskiptabeiðni	4.500
Virðisaukaskattur	33.931
Samtals kr.	1.511.909

Kröfuhafi ábyrgist greiðslu alls kostnaðar af meðferð þessarar kröfu og af gjaldþrotaskiptunum ef til þeirra kemur.

Gjaldþrotaskiptabeiðnin er birt í Lögbirtinga­blaði samkvæmt 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þar sem skiptabeiðandi kveður að ekki verði aflað upplýsinga um hvar megi birta fyrirkall fyrir skuldaranum eftir almennum reglum.

Við fyrirtöku málsins verða lögð fram eftir­talin gögn:

- Gjaldþrotaskiptabeiðni.
- Árangurslaus aðfarargerð.
- Greiðsluáskorun.

Fyrirkall: Hér með er skorað á Sigurð Ó. Grétarsson, kt. 071260-2249, óstaðsettan í hús, að mæta á dómþing héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, miðvikudaginn 12. maí 2004 kl. 10.00 árdegis er gjaldþrotaskiptabeiðni þessi verður tekin fyrir. Ella má búast við að krafan verði tekin til greina og gjaldþrotaskipti hefjist.

Þetta fyrirkall skal birta með a.m.k. eins mán­aðar fyrirvara.

Reykjavík, 9. mars 2004.

Jón Finnbjörnsson
héraðsdómari.

(3157

Jón Finnbjörnsson, héraðsdómari í Reykjavík

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Guðmundur Haukur Gunnarsson lögfræðingur f.h. tollstjórans í Reykjavík, kt. 650269-7649, Tryggvagötu 19, Reykjavík, að hann þurfi að krefjast gjald­þrotaskipta á búi SR-Stuttmyndadaga í Reykja­vík ehf., kt. 620301-2990, Hverfisgötu 46, Reykjavík, stjórnarmaður er Jóhann Sigurjón Sigmarsson, kt. 120369-5399, óstaðsettur í hús, vegna skuldar að fjárhæð kr. 10.891.344. Hin umkrafða skuld er vegna ógreiddra opinberra gjalda og sundurliðast hún með neðangreindum hætti:

	kr.
Höfuðstóll	8.324.175
Dráttarvextir	2.507.269
Kostnaður	59.900
Samtals krafa	10.891.344

Kröfuhafi ábyrgist greiðslu alls kostnaðar af meðferð þessarar kröfu og af gjaldþrotaskiptunum ef til þeirra kemur.

Gjaldþrotaskiptabeiðnin er birt í Lögbirtinga­blaði samkvæmt 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þar sem skiptabeiðandi kveður að ekki verði aflað upplýsinga um hvar megi birta fyrirkall fyrir skuldaranum eftir almennum reglum.

Við fyrirtöku málsins verða lögð fram eftir­talin gögn:

- Greiðslustöðuyfirlit.
- Fjárnámsendurrit.
- Útskrift úr hlutafélagaskrá.

Fyrirkall: Hér með er skorað á Jóhann Sigur­jón Sigmarsson, kt. 120369-5399, óstaðsettan í hús, að mæta á dómþing héraðsdóms Reykja­víkur sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, miðvikudaginn 12. maí 2004 kl. 10.00 árdegis er gjaldþrotaskiptabeiðni þessi

verður tekin fyrir. Ella má búast við að krafan verði tekin til greina og gjaldþrotaskipti hefjist.

Þetta fyrirkall skal birta með a.m.k. eins mán­aðar fyrirvara.

Reykjavík, 9. mars 2004.

Jón Finnbjörnsson
héraðsdómari.

(3158

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 4. mars 2004, var neðan­greint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn búsins.

Nafn bús: Vík ehf., kt. 640593-2379, Höfða 24b, 640 Húsavík	Frestdagur: 13. jan. 2004	Skiptafundur: 16. júní 2004. kl. 14.00
---	-------------------------------------	---

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framan­greindu þrotabúi, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skipta­stjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skipagötu 14, pósthólf 322, 602 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúsins verður haldinn á skrifstofu skipta­stjóra að Skipagötu 14, 4. hæð, Akureyri, á ofan­greindum tíma. Skrá yfir lýstar kröfur þrotabús­ins mun liggja þar frammi síðustu vikuna fyrir skiptafund.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á skiptafundinum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Akureyri, 4. mars 2004.

Ólafur Rúnar Ólafsson hdl.

(3146 a

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands, upp­kveðnum 3. mars 2004, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var Friðbjörn Eiríkur Garðarsson hdl. skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Frestdagur við skiptin er tilgreindur við nafn búsins.

Nafn bús: Ídon ehf., kt. 530901-2970, Hólsvegi 4, 735 Eskifirði	Frestdagur: 19. jan. 2004	Skiptafundur: miðvikudaginn 2. júní 2004 kl. 14.00
---	-------------------------------------	--

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu, eða eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýs­ingar skulu sendar skiptastjóra að Lagarási 4, 700 Egilsstöðum. Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og taka ákvarðanir um málefni þrotabúsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lagarási 4, 700 Egilsstöðum, á ofangreindum tíma.

Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skipta­fundinn.

Egilsstöðum, 4. mars 2004.

F.h. Friðbjörns Eiríks Garðarssonar hdl.,
skiptastjóra,
Eva Dís Pálmadóttir hdl.

(3156 a

Fyrirköll

Jón Finnbjörnsson, héraðsdómari í Reykjavík

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Jón Ingólfs­son hrl., f.h. Lífeyrissjóðsins Framsýnar, kt. 561195-2779, Sætúni 1, Reykjavík, að hann þurfi að krefjast gjaldþrotaskipta á búi Sandsölunnar ehf., kt. 450685-0389, Hyrjarhöfða 8, Reykja­vík, fyrirsvarsmaður er Sigurður Ó. Grétarsson, kt. 071260-2249, óstaðsettur í hús, vegna skuldar að fjárhæð kr. 1.511.909. Hin umkrafða skuld er vegna vangreiddra iðgjalda í lífeyrissjóð og sundurliðast hún með neðangreindum hætti:

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, upp-keðnum 3. mars 2004, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn búsins.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Rækjuvinnslan	11. des. 2003	fimmtudaginn
Pólarrækja hf.,*		10. júní 2004
kt. 600286-1379,		kl. 9.00
Unubakka 11, Þorlákshöfn		

* Félagið var áður undir nafninu Ljósavík hf.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Lágmúla 5, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúsins, verður haldinn á skrifstofu skipta-stjóra að Lágmúla 5, Reykjavík á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á skiptafundinum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúið mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, síð-ustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 4. mars 2004.

Jóhann H. Níelsson hrl.,
skiptastjóri.

(3159 a

Með úrskurðum héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum 24. febrúar 2004, voru neðan-greind bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrota-búunum.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Sveinn Pálsson,	29. jan. 2004	2. júní 2004
kt. 170553-7219,		kl. 9.00
Laufskógum 33, Hveragerði		

(3349 a

Hververk ehf.,	29. jan. 2004	2. júní 2004
kt. 600600-2060,		kl. 9.30
Kambahrauni 47, Hveragerði		

(3350 a

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framan-greindum þrotabúum, eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birt-ingu innkallana þessara.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Austurvegi 3, 800 Selfossi.

Skiptafundir til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúanna, verða haldnir á skrifstofu skipta-stjóra að Austurvegi 3, Selfossi á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum verður skiptum lokið á skiptafundunum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skrá yfir lýstar kröfur í viðkomandi þrotabú mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, síðustu viku fyrir skiptafundina.

Selfossi, 1. mars 2004.

Ólafur Björnsson hrl.

Stjórn 3-plus hf., kt. 430999-2149, gerir kunnugt að með heimild í 2. mgr. 27. gr. laga um

hlutafélög, nr. 2/1995, hefur hún tekið ákvörðun um að hlutabréf í félaginu verði tekin til raf-rænnar skráningar í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Rafræn skráning tekur gildi mánu-daginn 21. júní árið 2004 kl. 9.00 árdegis. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu hlutabréf í félaginu í samræmi við heimild í ákvæði til bráðabirgða nr. II í lögum nr. 131/1997, um raf-ræna eignarskráningu verðbréfa, sbr. 6. gr. laga nr. 32/2000, um breytingar á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum og reglugerð nr. 397/2000, um raf-ræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfa-miðstöð.

Nánar tilgreint verða öll hlutabréf 3-plus hf. tekin til rafrænnar skráningar, en þau eru öll í einum flokki, auðkennd raðnúmerum 1-100 og gefin út á nafn hluthafa. Útgáfudags er getið á hverju bréfi.

Hér með er skorað á alla eigendur ofan-greindra hlutabréfa, sem telja nokkurn vafa leika á því að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá 3-plus hf., að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til skrifstofu 3-plus hf. að Suður-landsbraut 30, 3. hæð. Komi í ljós við slíka könnun að eigendaskipti hafi ekki verið skráð, ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart félaginu innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar.

Ennfremur er skorað á alla þá sem eiga tak-mörkuð réttindi til ofangreindra hlutabréfa, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri við skrif-stofu félagsins að Suðurlandsbraut 30, 3. hæð, innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköll-unar þessarar.

Við rafræna útgáfu ofangreindra hlutabréfa er nafnverð hluta ákveðið ein króna eða margfeldi þar af.

Að lokinni rafrænni skráningu geta hluthafar falið reikningsstofnun sem gert hefur aðildar-samning við Verðbréfaskráningu Íslands hf. umsjón með eignarhlut sínum í félaginu. Hlut-hafar munu fá sendar tilkynningar og reiknings-yfirlit í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 397/2000.

Reykjavík, 9. mars 2004.

F.h. 3-plus hf.,
Gunnlaugur Ragnarsson,
ritari stjórnar.

(2185 b

Skiptafundir

Skiptafundir í eftirtöldum þrotabúum verða haldnir í tilgreindum tímum á skrifstofu undir-ritaðs skiptastjóra í búunum að Lágmúla 5, 6. hæð, Reykjavík.

Komi ekki fram ábendingar um eignir eða önnur réttindi í búunum í síðasta lagi á boðuðum fundum má vænta þess að skiptum verði þá lokið með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti.

Nafn bús:	Skiptafundur:
Báta- og kvótasalan ehf.,	miðvikudaginn
kt. 500997-3039,	31. mars 2004
Borgartúni 29, Reykjavík	kl. 9.30

(3343

Hjálmar Kjartansson,	miðvikudaginn
kt. 010358-4269,	31. mars 2004
Naustabryggju 53, Reykjavík	kl. 10.00

(3344

Reykjavík, 10. mars 2004.

Rúnar S. Gíslason hdl.,
skiptastjóri.

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur 4. apríl 2003 var neðangreint bú tekið til gjald-þrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og er því skiptum lokið þann 26. júní 2003, skv. 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýsta kröfu, auk vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Fjárhæð lýstrar kröfu kr.:
Grip fast ehf.,	24.963.352
kt. 490501-2740,	
Tryggvagötu 16, Reykjavík	

Reykjavík, 8. janúar 2004.

Hallvarður Einvarðsson hrl.,
skiptastjóri.

(2898

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 9. apríl 2003 voru bú neðan-greindra aðila tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri.

Óverulegar eignir fundust í búunum, sem gengu upp í skiptakostnað og var skiptum lokið 11. júlí 2003 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að nokkur greiðsla fengist upp í lýstar kröfur eða áfallandi vexti og kostnað eftir upphaf skipta.

Nafn bús:	Fjárhæð lýstra krafna kr.:
Aðalbíllaleigan,	4.019.078
kt. 561297-2829	

(2909

AVS Hagtæki,	9.039.151
kt. 691286-1269	

(2910

Reykjavík, 1. mars 2004.

Arnór Halldórsson hdl.,
skiptastjóri.

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjaness þann 4. desember 2003 voru neðangreind bú tek-in til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búunum og var skipt-um því lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Fjárhæð lýstra krafna kr.:
LDE ehf.,	11.131.322
kt. 651198-2089	

(2911

Arco bíllaleiga ehf.	32.025.329*
kt. 601099-2769	

(2912

* Þar af forgangskrafa að fjárhæð kr. 523.346

Reykjavík, 1. mars 2004.

Eva B. Helgadóttir hdl.,
skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra 23. september 1996 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrit-aður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Þær eignir sem fundust í þrotabúinu nægðu ekki til greiðslu skiptakostnaðar og var því skipt-um lokið 14. nóvember 2003 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Fjárhæð lýstra krafna kr.:
Ýlir ehf.,	22.421.207
kt. 410678-0129,	
Hafnarbraut 14, 620 Dalvík	

Akureyri, 17. nóvember 2003.

Gunnar Sólnes hrl.

(2926

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-
kveðnum 12. júní 2002 var neðangreint bú tekið
til gjaldþrotaskipta. Sama dag var Kristinn
Hauksson lögmaður skipaður skiptastjóri í
búinu.

Engar eignir fundust í búinu og lauk skiptum
1. mars 2004 samkvæmt 155. gr. laga nr.
21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., án þess að
greiðsla fengist upp í lýstar kröfur auk áfallinna
vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjald-
þrotaskipta.

Nafn bús:	Fjárhæð lýstra krafna kr.:
Ljósmyndapjónustan ehf., kt. 420283-0249, Ásholti 2, Reykjavík	58.173.981
Reykjavík, 2. mars 2004. F.h. Kristins Haukssonar skiptastjóra, Jón Ármann Guðjónsson hdl.	

(2929

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur upp-
kveðnum 9. maí 2003 var neðangreint bú tekið
til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður
skipaður skiptastjóri í viðkomandi þrotabúi.

Óverulegar eignir fundust í búinu, sem gengu
upp í skiptakostnað og var skiptum því lokið 27.
febrúar 2004 samkvæmt 155. gr. laga nr.
21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar
kröfur auk áfallandi vaxta og kostnaðar eftir
úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Fjárhæð lýstra krafna kr.:
Blóm og mold ehf., kt. 520997-2109, Skútuvogi 13, Reykjavík	26.803.914
Reykjavík, 27. febrúar 2004. Skúli Bjarnason hrl., skiptastjóri.	

(3147

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness upp-
kveðnum 16. janúar 2003 var neðangreint bú
tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undir-
ritaður skipaður skiptastjóri í búinu.

Engar eignir fundust í búinu og lauk skiptum
27. febrúar 2004 samkvæmt 155. gr. laga nr.
21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar
kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir
úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Fjárhæð lýstra krafna kr.:
TH-múr ehf., kt. 660499-2109, Ásabraut 21, Kópavogi	10.785.045 kr.
Kópavogi, 27. febrúar 2004. F. h. Sveinbjörns Sveinbjörnssonar hdl., Ragna Gestsdóttir hdl.	

(3149

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness 17.
október 2002 var neðangreint bú tekið til gjald-
